



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 26. maí 2020

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991 (aðgerðir gegn kennitölulflakki), 815. mál.**


Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) taka til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl, nr. 21/1991 (aðgerðir gegn kennitölulflakki), mál nr. 815. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti í því skyni að sporna við misnotkun á hlutafélagaforminu og kennitölulflakki í atvinnurekstri og grundvallast á sáttmála ríkisstjórnarflokkanna frá nóvember 2017. SI fagna framlögðu frumvarpi.

Kennitölulflakk er meinsemd í íslensku efnahagslífi sem veldur samfélaginu umtalsverðu tjóni á ári hverju, þá ekki síst fyrirtækjum. SI leggja ríka áherslu á að gripið sé til aðgerða til að sporna gegn slíkri háttsemi og það sé tryggt að fyrirtæki starfi á heilbrigðum samkeppnisgrundvelli. Er það ekki síst mikilvægt á útboðsdrifnum mörkuðum, líkt og í byggingar- og mannvirkjagerð, þar sem fyrirtæki sem starfa á heilbrigðum rekstrargrundvelli eiga í erfiðleikum með verðsamkeppni við fyrirtæki og einstaklinga sem stunda kennitölulflakk.

Ljóst er að fjöldi fyrirtækja hafa og munu lenda í fjárhagserfiðleikum vegna þeirra aðstæðna sem uppi eru í íslensku samfélagi sökum COVID-19. Nú þegar sjáum við aukningu í gjaldþrotum fyrirtækja. Í efnahagsaðgerðum stjórnvalda vegna kórónuverufaraldursins er m.a. að finna frumvarp sem auðveldar fyrirtækjum að ráðast í fjárhagslega endurskipulagningu. Er það jákvætt skref og mikilvægt úrræði. Samtökin telja þó einsýnt, til að auka skilvirkni slíkra úrræða, að það þurfi samhliða að takmarka möguleika einstaklinga til að velja kennitölulflakk sem leið úr fjárhagserfiðleikum sínum, með tilheyrandi tjóni fyrir samfélagið í heild. Samtökin telja í því samhengi mikilvægt að atvinnurekstrarbann nái einnig til svokallaðra skuggastjórnenda, líkt og frumvarpið tekur til, enda forsenda þess að það nái að fullu tilgangi sínum.

Með vísan til framangreinds og sameiginlegrar umsagnar SA og ASÍ um málið mælast SI til að umrætt frumvarp verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

  
Björg Ásta Þórðardóttir, lögmaður  
yfirlögfræðingur Samtaka iðnaðarins